

Vandaðar og viðurkenndar vörur í gólfefnum, flísum og innihurðum

Harðviðarval ehf. er gamalgróid fyrirtækið sem var stofnað árið 1978. Fyrirtækið hefur ætíð leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum allt það nýjasta og besta í gólfefnum ásamt miklu úrvali innihurða. Í versluninni að Krókhálsi 4 er stærsti parketsýningarsalur landsins og þar geta viðskiptavinir séð sýnishorn af öllum þeim vörum sem Harðviðarval býður upp á.

Að sögn Eggerts Gottskálkssonar framkvæmdastjóra og Björns Matthíassonar sölu- og markaðsstjóra eru seldar í versluninni vörur til einstaklinga, verktaka, arkitekta og fyrirtækja og auk þess boðið upp á hagstæðar heildarlausnir fyrir heimilið: „Við höfum lengi verið með stóra hlutdeild af markaðinum og höfum verið í mikilli sókn og erum að bæta við okkur ýmsum vöruflokkum sem gerir okkur að góðum kosti þegar leysa þarf heildarlausnir í gólfefnum og innihurðum. Það getur stundum komið fyrir að þörf sé á að skipta nánast öllu út og þá bjóðum við upp á einstakar og hagsýnar heildarlausnir í þessa veru fyrir heimilin og erum með góðar og viðurkenndar vörur.“

Þeir Eggert og Björn segja að fólk sé meira farið að hugsa um gæði parketsins og vilji fá góða vöru: „Þetta hefur gert það að verkum að dýrara parket er farið að seljast betur. Þá hefur færst í aukana að fólk setji flísar á gólf. Þau efni sem við erum með koma mikið frá Þýskalandi og eru öll mjög vel vottuð, sem skiptir miklu máli þegar verið er að koma þeim á markaðinn.“

Allt innifalið í einum pakka

Harðviðarval hefur á síðustu árum boðið uppá svokallaða Gulllínu. „Hugmyndin gengur út á það að menn kaupa einn pakka og honum fylgir allt sem þeir þurfa, efni, akstur á efninu, lögn eða uppsetning. Viðskiptavinurinn borgar eina ákveðna upphæð fyrir vöruna og þjónustuna og enginn aukakostnaður bætist við. Það hafa ekki allir tök á að útvega sér iðnaðarmenn eða hafa tíma til að leggja sjálfir parket eða flísar og þess vegna fórum við í að bjóða heildarlausnir sem hafa gengið mjög vel og er stöðugt meira um þær í rekstri okkar.“

Þá má einnig nefna að lagning parkets og flísa er oft lokahnykkurinn hjá fólki sem staðið hefur í að byggja eða kaupa sér húsnæði og þá þykir mörgum gott að geta klárað dæmið með þeirri þjónustu sem við bjóðum. Verkið er drifið af á eins stuttum tíma og hægt er og þess gætt að rask verði sem minnst. Við höfum fylgt verkinu eftir og haft samband við viðskiptavininn og spurt hvort allt hafi staðist og oft

en ekki hefur þjónustan farið fram úr væntingum fólks og oft kemur mest á óvart að áætlun sem sett er upp þegar þjónustan er keypt, stenst fullkomlega.“

Breytingar í versluninni

Miklar breytingar hafa staðið yfir í versluninni að Grjóthálsi að undanfögnu. „Við tókum þá ákvörðun að stækka við okkur í flísum og innihurðum og breytingarnar felast í að koma þeim vörum vel fyrir. Við erum að taka til sölu tvö ný flísamerki, Etilcuoghi og Aquileia, sem eru gríðarlega vönduð vara, mikið lagt í hönnun og endingu. Þá finnst okkur hafa vantað á markaðinn meiri fjölbreytni í hurðum og erum að sinna þeim markaði með breiðari línu í innihurðum, allt frá gegnheilum hurðum yfir í glerhurðir. Allt þetta kallar á breytingar í verslun okkar.“

Eitt af því sem Harðviðarval gerir er að styðja við skógrækt í landinu. „Við erum í samstarfi við Skógrækt ríkisins. Það hófst þannig að þegar við höfum að selja Gulllínum okkar gerðum við samning við Skógræktina um að fyrir hvern seldan fermetra í Gulllínunni yrði gróðursettur ákveðinn græðlingur. Í kjölfarið fór Skógræktin af stað með tilraunaverkefni að Tumastöðum í Fljótshlíð þar sem gerð er tilraun með ræktun á eik, beyki og álmi sem eru sambærilegar viðartegundir og við erum að selja út úr versluninni. Þetta eru tegundir sem ekki hafa verið ræktaðar mikið hér á landi og teljum við það verdugt og umhverfisvænt verkefni fyrir Harðviðarval og fylgjum við því vel eftir.“



Mikið úrval innihurða er í Harðviðarvali.



Gulllínan

Gulllína Harðviðarvals býður uppá gulltryggða þjónustu. Eina sem viðskiptavinurinn þarf að gera er að velja parket eða flísar, við sjáum um allt hitt. Innfalið er:

- Mæling á gólfleti.
- Heilir pakkar sem sýnishorn.
- Parketi og/eða flísum ekið heim til viðskiptavina ásamt hljóðeinangrandi undirlagi, gólflistum, frágangslistum, sópllistum og T-listum.
- Útvegum lím, nagla og annað efni til verksins og sendum heim.
- Leggjum parketið á gólf.
- Þrífum gólf að lokinni lögn.
- Fjarlægjum alla afganga og endurgreiðum ósagað efni.

Umhverfisvænt fyrirtæki

Harðviðarval er umhverfisvænt fyrirtæki og því gróðursetjum við, í samstarfi við Skógrækt ríkisins, einn græðling fyrir hvern seldan fermetra í Gulllínu.

Verkefnadeild

Verkefnadeild Harðviðarvals sinnir af kostgæfni þörfum byggingarféлага, arkitekta, verktaka, fyrirtækja, iðnaðarmanna og einstaklinga með hverju því sem deildin hefur að bjóða.

Stærsti parketsýningarsalur landsins.

Eggert Gottskálksson, framkvæmdastjóri Harðviðarvals. Fólk hugsar orðið meira um gæði parketsins og það að fá góða vöru.



Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík
Sími: 5671010 • Netsíða: www.hardvidarval.is